

64 Legrar birtingar, að jeg veiti samþykki mitt til, að manntalsþing og hreppsfundir 31. marz fyrir Súðavíkurhrepp verði, að þar til fengnu leyfi eiganda og ábúanda Traðar, haldnir á Tröð og ber hreppsnefndinni að sjá fyrir eða útvega sæmilegt hús, þar á staðnum til þinghaldanna.

65 **Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um bann gegn**
2. apríl **innflutningi á lifandi skepnum frá Íslandi til Englands, Wales og Skotlands.** — Til frekari birtingar læt jeg ekki hjá liða að senda yður hjer með, herra landshöfðingi, hjálagt eintak af svo nefndri »*Animals (Amendment) Order of 1892, Nr. 3*«, er hin brezka stjórn hefir út gefið 22. f. m., og sem utanríkis-ráðaneytið hefur hingað sent, en í fyrirskipun þessari er bannið gegn innflutningi á lifandi peningi til Bretlands víðkað svo, að það meðal annars gripur yfir Ísland¹.

66 **Brjef landshöfðingja til stiptyfirvaldanna um lántökuleyfi**
5. apríl **handa prestakalli til kirkjubyggingar.** — Samkvæmt beiðni prestsins að Setbergi, J. V. Hjaltalíns, meðmælum hlutaðeigandi prófasts og tillögum stiptyfirvaldanna í þóknanlegu brjefi dags. 22. f. m., veiti jeg hjer með samþykki til, að tjeður prestur taki embættislán til endurbyggingar Setbergskirkju, er nemi 1200 krónum, og afborgist á næstu 20 árum með jöfnum greiðslum auk

1) Í nefndri fyrirskipun, er gefin er út af stjórn akuryrkjumálanna (Board of Agriculture), stendur: — — — — —

Innflutningur bannaður á skepnum frá löndum þeim, sem talin eru í öðru fylgiskjali.

2. — (1.) Þar til er stjórn akuryrkjumálanna skipar öðruvísi fyrir, má ekki landsetja á Englandi, Wales eða Skotlandi skepnur, fluttar frá neinu af löndum þeim, er talin eru í 2. fylgiskjali við reglugjörð þessa. (Í hinu tilvitnaða fylgiskjali eru talin þessi lönd: Noregur, Svíþjóð, Spánn, Portúgal, Ísland).

(2.) Reglugjörð um innflutning á skepnum frá 1886 skal gilda svo sem lönd þau, sem nefnd eru í öðru fylgiskjali við þessa fyrirskipun, væru innifalin í listanum yfir bönnuð lönd, er nefnd eru í fyrsta hluta fjórða fylgiskjals við nefnda reglugjörð frá 1886, og svo sem ekkert af þeim löndum, sem talin eru á 2. fylgiskjali við þessa fyrirskipun, væri talið í listanum yfir undanskilin lönd, er nefnd eru í fimmta fylgiskjali við nefnda reglugj. 1886. — — — — —

Fyrirskipun þessi öðlast gildi þegar eptir 31. dag marzmánaðar árið átján hundruð níutíu og tvö.

(Undirskr.) I. H. Elliott.

(L. S.)

vaxta, gegn veði í tekjum prestakallsins, þannig, að skuldin hvíli á prestakallinu, að svo miklu leyti sem hún verður ekki greidd af tekjum kirkjunnar, og skal jeg þjónustusamlega skora á yður, herra amtmaður og herra biskup, að gjöra nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að eptirlit verði haft með því, að fjenu verði varið eins og að ofan segir, og að kirkjubyggingin verði forsvaranlega af hendi leyst. 66 5. apríl

Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um lántökuleyfi handa prestakalli til kirkjubyggingar. — Samkvæmt ósk og tillögum stipts- yfirvaldanna í þóknanlegu brjefi, dags. 2. þ. m., vil jeg hjer með veita samþykki mitt til, að hlutadeigandi prestur megi taka embættislán, að upphæð 300 krónur, til handa Klippstaðarprestakalli, til endurbyggingar kirkjunnar að Klippstað, þannig, að það endurgjaldist auk 4 % árlegra vaxta með 25 kr. á ári í 12 ár af tekjum prestakallsins, að því leyti sem árlegar tekjur kirkjunnar hrökkva eigi til þess. Fel jeg stiptsyfirvöldunum að sjá um, að eptirlit verði haft með því, að láninu sje forsvaranlega varið til þess, sem leyfið er við bundið. 67 13. apríl

Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um lántökuleyfi handa prestakalli til húsbyggingar. — Samkvæmt beiðni prestsins að Saurbæ á Hvalfjarðarströnd, sjera Jóns Benediktssonar, meðmælum prófastsins í Borgarfjarðarprófastsdæmi og tillögum stiptsyfirvaldanna í þóknanlegu brjefi, dags. 22. f. m. vil jeg hjer með veita samþykki mitt til þess að tjeður prestur taki 2,000 króna embættislán upp á Saurbæjarprestakall, til þess að byggja timburhús á prestssetrinu Saurbæ, og er lántökuleyfið bundið þessum skilyrðum: 68 13. apríl

1. Lánið skal að fullu endurborgað ásamt vöxtum á 20 árum.
2. Húsið skal byggt undir tilsjón prófasts; skal það vera portbyggt, hæflega hátt, að minnsta kosti 12 álna langt og 10 álna breitt, með járnþaki og járnvarið að öðru leyti gegn helstu regnátum. Kjallari skal vera undir húsinu, grjóthlaðinn og steinlímdur, og eldavjel og nauðsynlegir ofnar fylgja húsinu. Um herbergjaskipun skal leita samþykkis prófasts og hlíta hans úrskurði, og skal byggingunni að öðru leyti hagað samkvæmt tillögum prófastsins í brjefi til stiptsyfirvaldanna 25. febr. þ. á. Málað skal húsið vera utan, þar sem það er ekki járn klætt, svo og íveruherbergi.
3. Húsið skal vera eign staðarins, og skal það koma í stað þessara bæjarhúsa, sem nú eru þar: baðstofu, ganga frá bæjardyrum til baðstofu, bæjardyrabúrs og eldhúss. Presturinn skal skyldur að halda við húsinu, og skal hann eða dánarbú hans skila því í gildu standi eða með fullu álagi, þegar hann fer frá prestakallinu eða deyr.